

	U.S. cent pr. lb. Cif.
4x10 og 4x12 4—8 oz. ....	104,52
4x10 og 4x12 8—32 oz. ....	110,75
Blokk U.S.S.R. ....	79,38
Blokk U.S.A. ....	77,00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg .....	34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1 .....	2 850
Millifiskur nr. 1 .....	2 600
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	2 300
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	2 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*